

Ársskýrsla

Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

2013



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

EFNISYFIRLIT

Ávarp sviðsstjóra	4
Director's Address.....	6
Hlutverk Velferðarsviðs	8
Skipurit Velferðarsviðs	8
Velferðarráð Reykjavíkurborgar	9
Barnaverndarnefnd Reykjavíkurborgar	9
Stefnumótun og helstu nýmæli 2013	10
Rannsóknir, úttektir og verkefni	11
Policy Making and Chief Innovations 2013	13
Research, reviews and projects	14
Mannfjöldi í hverfum Reykjavíkurborgar	16
Þjónusta	18
Fjárhagsaðstoð	22
Átaksverkefni	27
Húsnæði	27
Ráðgjöf og sérfræðiþjónusta	37
Barnavernd Reykjavíkur	40
Starfsemi vegna barna og unglinga	45
Þjónusta við fólk í heimahúsum	48
Rekstur Velferðarsviðs	57

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Ágúst 2014

Ábyrgðarmaður: Elly A. Þorsteinsdóttir

Hönnun og umbrot: Birgir Þ. Jóakimsson

Ljósmyndir: Elfa Björk Ellertsdóttir, Birgir Þ. Jóakimsson o.fl.

Ársskýrsla

Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

2013

Ávarp sviðsstjóra



Velferðarþjónusta er persónuleg og viðkvæm þjónusta þar sem starfsfólkið hefur afgerandi áhrif á gæði þjónustunnar. Velferðarsvið er þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa á að skipa afburða góðu starfsfólki sem veitir mörg þúsund einstaklingum þjónustu dag hvern

án vandkvæða. En þrýstingurinn á velferðarþjónustuna er mikill og áskoranirnar eru margar. Hvernig mætum við fólki sem hefur verið án atvinnu í langan tíma og glímir við afleiðingar þess? Hvernig mætum við miklum húsnæðisvanda hjá stórum hópi fólks í borginni? Hvernig mætum við kröfum og viðeigandi íhlutun í þjónustu við börn? Hvernig mætum við sívaxandi þjónustuþyngd aldraðra og fatlaðs fólks í heimahúsum? Hvernig mætum við fólki á biðlistum eftir þjónustu eða húsnæði? Þetta eru dæmi um dagleg viðfangsefni og áskoranir sem starfsfólk Velferðarsviðs stendur frammi fyrir.

Starfsemi og umfang Velferðarsviðs hefur vaxið mikið á undanförunum árum og samhliða hefur sviðið tekið miklum breytingum. Áhrif og afleiðingar efnahagshrunsins hafa haft mikil áhrif á velferðarþjónustu borgarinnar. Notendum þjónustunnar hefur fjölgað mikið og um leið eykst krafan um markviss viðbrögð. Ný úrræði hafa verið þróuð í þeim tilgangi að mæta betur auknum og nýjum þörfum fólks fyrir þjónustu. Yfirfærsla umfangsmikilla velferðarverkefna frá ríki til borgarinnar hefur haft mikil áhrif á rekstur og þjónustu sviðsins síðustu ár. Heildarútgjöld sviðsins hafa vaxið úr 8,8 milljörðum árið 2007 í tæpa 22 milljarða árið 2013, fjöldi stöðugilda hefur vaxið úr 865 árið 2007 í 1.536 árið 2013 og starfseiningum hefur fjölgað úr 50 árið 2007 í 120 árið 2013. Eðli þjónustunnar er gjörbreytt og krafa er um nýjar þjónustuáherslur.

Skipurit sviðsins hafði ekki þróast til samræmis við breytingar á starfseminni og var endurskoðun á skipuriti sviðsins því orðin verulega aðkallandi. Í upphafi árs 2013 hófst endurskoðun á skipuriti sviðsins og var fengin utanaðkomandi sérfræðiráðgjöf til að koma að því verki, auk þess sem hópur starfsfólks kom að vinnunni.

Í desember 2013 var nýtt skipurit sviðsins samþykkt í borgarstjórn og tók það gildi 1. janúar 2014. Helstu markmið skipulagsbreytinganna eru að auka jafnræði á milli þeirra málaflokka sem sviðið sinnir eftir breytingar síðustu ára, skýra verkaskiptingu og ábyrgð, bæta yfirsýn, auka skilvirkni, bæta nýtingu fjármuna og leggja aukna áherslu á þróun þjónustu sviðsins í samráði og samvinnu við notendur þjónustunnar. Með breytingunum er einnig leitast við að ná fram meiri sveigjanleika í starfseminni og auknum viðbragðsflýti í þágu þjónustunotenda, í takt við auknar kröfur um að opinber þjónusta þróist til samræmis við breytingar og þarfir íbúa.

Á árinu 2013 var áfram lögð mikil áhersla á markvissan stuðning og ráðgjöf við íbúa Reykjavíkurborgar sem standa höllum fæti. Markmiðið er að bjóða einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð sér til framfærslu og eru vinnufærir, virkni og önnur úrræði þannig að fólk festist ekki í aðstæðunum til langframa en fjöldi þeirra sem þarf langtímaaðstoð hefur aukist mikið síðustu ár.

Sérstök aðgerðaráætlun í fjárhagsaðstoð var samþykkt í velferðarráði og borgarráði sem miðar að því að aðstoða fólk sem fær fjárhagsaðstoð og er skráð sem sjúklingar út úr aðstæðunum með endurhæfingu, virkni og úrræðum. Einnig að bjóða þeim sem sækja um fjárhagsaðstoð úrræði og tímabundin störf strax.

Vaxandi áhyggjur hafa verið af húsnæðisvanda fólks í borginni. Húsaleiga hefur farið hækkandi á sama tíma og húsaleigubætur hafa lítið hækkað og erfiðara er nú en áður fyrir tekjulágt fólk að eignast eigið húsnæði. Biðlistar eftir félagslegu leiguhúsnæði hafa lengst síðustu ár en félagslegt leiguhúsnæði getur einungis mætt þeim sem eru allra verst settir fjárhagslega og félagslega. Í húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar er stefnt að því að allir borgarbúar hafi öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, hvort sem fólk þarfnast stuðnings með sín húsnæðismál eða ekki.

Börn og ungmenni voru eins og áður í brennidepli með áherslu á forvarnir og stuðning við þau börn sem á þurfa að halda. Á árinu var unnið að endurskoðun forvarnarstefnu borgarinnar með það að leiðarljósi að standa vörð um það góða forvarnarstarf sem hefur verið unnið um leið og þróaðar eru nýjar aðferðir og leiðir í forvörnum og stuðningi við börn og ungmenni.



Á árinu var sértæk þjónusta við fatlað fólk þróuð áfram í átt að framtíðarsýn Reykjavíkurborgar. Komið var á samningum um notendastýrða persónulega aðstoð í tilraunaskyni og unnið var að undirbúningi að uppbyggingu sértækra heimila fyrir fatlað fólk.

Samþykkt var ný stefna í þjónustu við aldraða þar sem áhersla er lögð á að aldraðir séu virkir þátttakendur í samfélaginu eins lengi og unnt er en fá viðeigandi aðstoð og stuðning þegar sú þörf skapast.

Fjölbreytileiki samfélagsins er orðinn meiri en áður og var áhersla lögð á að bæta aðgengi að þjónustu og upplýsingagjöf við innflytjendur um leið og þjónusta við þennan hóp var eflað og þróuð enn frekar.

Áfram var lögð áhersla á þróun þjónustu við utangarðsfólk og heimilislausa og var á árinu mikil vinna lögð í endurskoðun þeirrar stefnu sem samþykkt var árið 2009 í þjónustu við utangarðsfólk. Rýmum til bráðabirgða var bætt við í gistiskýli fyrir heimilislausa karlmenn en samhliða var hafinn undirbúningur að flutningi gistiskýlisins í nýtt og betra húsnæði, þangað sem það mun flytja á þessu ári.

Velferðarsvið hefur lagt áherslu á að standa vörð um þjónustuna á erfiðum tímum og að reynsla síðustu ára og sú þekking sem hún hefur skilið eftir sig verði nýtt til enn betri verka. Horfa þarf til framtíðar og þeirra breytinga sem munu verða á samfélaginu næstu árin, s.s. með fjölgun aldraðra, þörfum og væntingum nýrra kynslóða og þróun þekkingar á velferðarþjónustu. Notendur þjónustunnar eru þeir aðilar sem þekkja best hvernig þjónustan þarf að vera til að mæta þörfum þeirra og samráð við notendur um þróun þjónustunnar er því lykilatriði. Samráð við háskólasamfélagið er einnig nauðsynlegt eigi að verða frampróun en Velferðarsvið og Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands undirrituðu á árinu nýjan samning sín á milli. Samningurinn hefur það að markmiði að efla samstarf Félagsráðgjafardeildar og Velferðarsviðs um kennslu og rannsóknir á sviði velferðarmála, stuðla að þróun og nýsköpun í velferðarþjónustu og afla frekari þekkingar á viðhorfum og þörfum þeirra sem njóta þjónustu sviðsins. Á árinu 2014 verður unnið að gerð fleiri slíkra samninga.

Að lokum vil ég þakka þeim öfluga hópi starfsfólks sem starfaði á Velferðarsviði á árinu 2013 fyrir metnað og dugnað í starfi og farsælt samstarf.

Stella K. Víðisdóttir

Sviðsstjóri Velferðarsviðs

Director's Address

Welfare service is personal and sensitive service where the attitude of the staff has a crucial effect on the quality of the service. The Welfare Department has the good fortune to have an excellent staff that gives service to thousands of individuals every day without any problems. But the welfare service is under great pressure and there are many challenges. How do we approach people who have been without jobs for extended periods of time and struggle with the effects of unemployment? How do we deal with serious housing problems faced by a great number of people in the city? How do we deal with demands and decide appropriate intervention in serving children? How do we respond to the ever growing service needs of senior citizens and disabled people living at home? How do we approach people on waiting lists for service or housing? The foregoing are examples of daily tasks and challenges faced by the staff of the Welfare Department.

The activities and scope of services provided by the Welfare Department have grown considerably in recent years and the department has changed greatly as well. The effects and consequences of the financial collapse have had a severe effect on the city's welfare service. The number of users has increased greatly and at the same time the demand for a focused reaction becomes stronger. New forms of service have been developed with the purpose of better coming to terms with new and increased needs for service. The transfer of extensive welfare projects from the state to the city has had a great influence on the management and service of the department during the last years. The total budget of the department has grown from 8.8 billion ISK in the year 2007 to almost 22 billion ISK in 2013. The number of full-time positions has grown from 865 in 2007 to 1.545 in 2013 and the number of work units has increased from 50 in 2007 to 120 in 2013. The nature of the service has changed fundamentally and there is a demand for new ways of providing service.

The organizational chart of the department had not changed in accordance with changes in the operation and, therefore, a revision of the organizational chart had become very pressing. At the beginning of the year 2013, a revision of the department's organizational chart was commenced and external expert advice was obtained to assist with the work, in addition to the efforts of a group of staff of the department. In December 2013 a new organizational chart of the department was approved by the City Council, taking effect January 1st 2014. The main objectives of the organizational changes were to increase equality between

the different issues that the department is responsible for following the changes during the recent years, define the division of labour and responsibilities, enable better overview, enhance efficiency, improve the use of assets and place increased emphasis on the development of the service of the department in consensus and cooperation with the users of the service. The changes also aim at increasing flexibility in the operation and improving the ability to react quickly on behalf of the users of the service, in accordance with increased demands that public service should develop in harmony with changes in society and the needs of the citizens.

In the year 2013 there was continued emphasis on diligent support and advice to disadvantaged people in Reykjavik. The objective is to offer individuals who receive financial support, and are fit for work, vocational activity and other means of help so that people do not get trapped in that kind of situation for a long time, given that the number of people needing financial support for extended periods of time has grown considerably during the last years. A special action plan concerning financial support was approved by the executive committee and welfare committee, aiming to assist people who get financial support and are registered as patients to get out of the situation they are in through rehabilitation, vocational activity and other forms of help. Additionally, by offering those who apply for financial support means of assistance and temporary employment right away.

There has been growing concern of housing problems in the city. There have been increases in rent at the same time that there has been little increase in rent compensation from the municipality and it is now harder than before for people with low incomes to buy their own homes. Waiting lists for public housing have been getting longer during the last years but public housing is exclusively intended for those people who are at the greatest disadvantage, financially and socially. The aim of Reykjavik's housing policy is that everyone in the city should have access to secure housing at an affordable price, whether they need public housing or not.

As before, there was a focus on children and adolescents, with an emphasis on prevention and support to those children who need it. During the year, the city's prevention policy was revised with the aim of safeguarding the good work that has already been done on prevention, at the same time that new methods and ways of prevention for children and adolescents are developed.



During the year, special services to disabled people were further developed in accordance with the future vision endorsed by the city. Contracts concerning personal assistance services were established, as an experiment, and there was preparatory work on the development of supportive housing for persons with disabilities.

A new policy on service to senior citizens was agreed, with the main emphasis on helping older people be active participants in society for as long as they can, but to get appropriate help and support when the time comes that they need it.

Diversity in society has increased and there was emphasis on improving access to service and information to immigrants, at the same time that service to this group of people was augmented and developed still further.

There was continued emphasis on the development of service to vagrants and homeless people, and during the year a lot of effort went into revising the policy from 2009 concerning service to homeless people. Temporary bed spaces were added in the shelter for homeless men but at the same time preparations began for moving the shelter to new and better housing, later this year.

The Welfare Department has placed emphasis on keeping the service intact during difficult times and that the experience of last years and the knowledge gained from it

are used to do even better. There is a need to look to the future and the changes that will take place in society in the coming years, e.g. with an increase in the number of older people, the needs and expectations of new generations, and the advancement of knowledge in the field of welfare service provision. The users of the service know how the service can best meet their needs and consultation with the users regarding the development of the service is, therefore, of key importance. Consultation with the academic community is also necessary for progress, and the Welfare Department and the Faculty of Social Work at the University of Iceland signed a contract of cooperation during the year. The aim of the contract is to enhance the cooperation between the Faculty of Social Work and the Welfare Department on teaching and research in the field of welfare matters, promote development and innovation in welfare services, and obtain information about the attitudes and needs of those who receive services from the Welfare Department. During the year 2014, more such contracts will be developed.

Finally, I want to thank the energetic group of staff who worked in the welfare Department in the year 2013 for their ambition and enthusiasm, and for successful cooperation throughout the year.

Stella K. Víðisdóttir

Director of the Department of Welfare


Hlutverk Velferðarsviðs

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar, þ.m.t. félagsþjónustu, þjónustu við fatlað fólk og barnavernd. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, samþætting velferðarþjónustu, eftirlit í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum, mat á árangri, þróun nýrra úrræða og leiða og loks gerð þjónustusamninga við þriðja aðila um framkvæmd þjónustu. Velferðarsvið vinnur með velferðarráði og barnaverndarnefnd.

Framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar, hjá Barnavernd Reykjavíkur og hjá Heimþjónustu Reykjavíkur. Þjónustumiðstöðvar eru sex og

sinna þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur, félagsráðgjöf, sálfræðiþjónustu, sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla, frístundaráðgjöf og almennri upplýsingagjöf um starfsemi og þjónustu Reykjavíkurborgar. Á þjónustumiðstöðvum fer fram þverfaglegt samstarf þar sem lögð er áhersla á samþætta nærþjónustu. Þær bera jafnframt ábyrgð á framkvæmd forvarnastefnu borgarinnar, samþættingu margvíslegrar þjónustu og vinnu með hverfaráðum. Velferðarsvið sér einnig um rekstur hjúkrunarheimila, húsnæðisúrræða og átaksverkefna á sviði endurhæfingar og sviðið ber ábyrgð á heildstæðu forvarnastarfi í Reykjavík.

Skipurit Velferðarsviðs



Velferðarráð Reykjavíkurborgar

Á árinu 2013 hélt velferðarráð 28 fundi.

Í velferðarráði sátu eftirtaldir fulltrúar:

Björk Vilhelmsdóttir formaður
Heiða Kristín Helgadóttir
Sverrir Bollason
Páll Hjalti Hjaltason
Áslaug María Friðriksdóttir
Jórunn Frimannsdóttir
Þorleifur Gunnlaugsson

Breytingar á skipan fulltrúa:

Karl Sigurðsson tók sæti Páls Hjalta Hjaltasonar 15. janúar
Sveinn H. Skúlason tók sæti Jórunnar Frimannsdóttur 1.
október
Diljá Ámundadóttir tók sæti Karls Sigurðssonar 15. október

Varamenn:

Bjarnveig Magnúsdóttir
Haukur Jóhannsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Lárus R. Haraldsson
Sveinn Hlífur Skúlason
Elín Sigurðardóttir
Ingibjörg Óðinsdóttir

Breytingar á skipan varamanna:

Jarprúður Ásmundsdóttir tók sæti Sveins H. Skúlasonar 2.
október.

Starfsmenn Velferðarsviðs sem sátu fundi:

Stella K. Viðisdóttir sviðsstjóri
Ellý A. Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri
Hörður Hilmarsson skrifstofustjóri
Hulda Dóra Styrmissdóttir skrifstofustjóri
Helga Jóna Benediktsdóttir lögfræðingur

Auk ofantaldra sitja framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðvanna
fundina til skiptis og inn á fundi koma sérfræðingar sviðsins
með kynningar á ólíkum verkefnum sviðsins.

Verkaskipting milli velferðarráðs Reykjavíkurborgar og barnaverndarnefndar Reykjavíkur vegna málefna barna.

Fyrir liggja samþykktir fyrir velferðarráð Reykjavíkurborgar
frá 7. júní 2005 og barnaverndarnefnd Reykjavíkur frá 20.
desember 2005. Barnaverndarnefnd markar stefnu og gerir
framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar
að höfðu samráði við velferðarráð. Reglur um verkaskiptingu
milli velferðarráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur voru
samþykktar árið 2004, samkvæmt heimild barnaverndarlaga
nr. 80/2002 og heimild laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu
sveitarfélaga.
Verkaskiptingin er eftirfarandi:

Velferðarráð Reykjavíkurborgar:

- Stefnumótun og uppbygging úrræða
- Rannsóknir og kannanir
- Almennt eftirlit með aðbúnaði og vinnu barna

Barnaverndarnefnd Reykjavíkurborgar:

- Eftirlit með aðbúnaði, hátterni og uppeldisskilyrðum barna
- Tekur við barnaverndartilkynningum, annast og ber ábyrgð
á málsmæðferð og beitir viðeigandi úrræðum samkvæmt
barnaverndarlögum
- Eftirlit með heimilum og stofnunum
- Önnur verkefni sem barnaverndarnefndum eru falin lögum
samkvæmt hverju sinni

Barnaverndarnefnd Reykjavíkurborgar

Á árinu 2013 hélt barnaverndarnefnd 24 fundi. Að auki
var haldinn einn sameiginlegur fundur velferðarráðs og
barnaverndarnefndar.

Í barnaverndarnefnd sátu eftirtaldir fulltrúar:

Þórir Hrafn Gunnarsson, formaður
Andri Óttarsson
Kolbrún Baldursdóttir
Þórir Hrafn Gunnarsson
Guðrún Ögmundsdóttir

Breytingar á skipan fulltrúa:

Þórir Hrafn Gunnarsson tók sæti Söndru Hlífur Ocares sem
formaður í júní 2013

Varamenn:

Svanhvít Axelsdóttir
Katrín Helga Hallgrímsdóttir
Guðni Kristinsson
Sólveig Ásgrímsdóttir

Starfsmenn Velferðarsviðs sem sátu fundi:

Framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur sat fundi nefnd-
arinnar auk lögfræðings Barnaverndar Reykjavíkur og ritara.



Stefnumótun og helstu nýmæli 2013

Þjónusta Velferðarsviðs er í stöðugri þróun og vandlega er fylgst með þörfum íbúa borgarinnar fyrir velferðarþjónustu. Leitast er við að þjónusta sviðsins mæti fólki eins og kostur er. Á hverju ári er því unnið að stefnumótun og nýsköpun í starfsemi sviðsins.

Stefna í málefnum eldri borgara

Á árinu var samþykkt stefna í málefnum eldri borgara til ársins 2017 þar sem áhersla er lögð á virkar forvarnir og að aldraðir séu virkir þátttakendur í samfélaginu eins lengi og unnt er en fá viðeigandi aðstoð og stuðning þegar að því kemur að þeir þurfi á því að halda. Einnig er lögð áhersla á að á næstu árum verði Reykjavíkurborg aldursvæn borg, þ.e. borg sem tekur mið af þörfum eldri borgara. Stefnan var unnin í nánú samstarfi við hagsmunasamtök eldri borgara og sérfræðinga í öldrunarþjónustu. Stefnan lýsir framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara og hvernig mæta megi þörfum sífellt stækkandi hóps eldri borgara á sem bestan hátt. Það er mikilvægt að þjónusta sé þannig uppbyggð að starfsfólk leggi sig fram um að virkja frumkvæði einstaklinganna og nái fram vilja þeirra sem þjónustunnar njóta. Til lengri tíma er lögð áhersla á að horfið verði frá því að aðgreina fólk og þjónustu eftir aldri, sjúkdómum, fötlun eða öðrum þáttum og í staðinn taki þjónusta og stuðningur mið af þörfum hvers og eins.

Stefna í málefnum utangarðsfólks

Á árinu var samþykkt ný stefna í málefnum utangarðsfólks sem tekur gildi á árinu 2014. Stefnan var unnin í víðtæku samráði við aðila sem koma að þjónustu við utangarðsfólk. Helstu áherslur stefnunnar eru á forvarnir og að bregðast þurfi við núverandi stöðu með því að þróa þjónustuna og auka samstarf. Einnig að huga þurfi að úrbótum í húsnæðismálum fyrir þennan markhóp sem og að koma á markvissara samstarfi ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í málaflokknum.

Forvarnarstefna

Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar var endurskoðuð á árinu með það að markmiði að standa vörð um það góða forvarnarstarf sem unnið hefur verið á síðustu árum og þróa árangursríkar aðferðir og leiðir í forvarnarmálum enn frekar. Ný stefna tekur gildi árið 2014.

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012-2014 sem samþykkt var á Alþingi árið 2012 var meðal annars kveðið á um að notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) yrði eitt af þjónustuforum sem í boði yrðu í anda hugmyndafræði um sjálfstætt líf. Reykjavíkurborg er þátttakandi í tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Með tilraunaverkefninu er mögulegt að afla reynslu og þekkingar til að hægt verði að koma á notendastýrðri persónulegri aðstoð sem valmöguleika í þjónustu fyrir fatlað fólk til framtíðar.

Í tilraunaverkefninu um NPA stýra þátttakendur þjónustunni alfarið sjálfir, reynsla þeirra og þekking er því sérlega mikilvæg fyrir frekari útfærslu og þróun á þjónustuforminu. Samhliða tilraunaverkefninu var skipaður samráðshópur en hlutverk hans er að efla samráð við notendur meðan á tilraunaverkefninu stendur, kynna og innleiða aðferðir til notendasamráðs, kortleggja reynslu af notendasamráði sem fæst með tilraunaverkefninu, sjá um eftirfylgni og setja fram tillögur að áframhaldandi þróun á notendasamráði. Fulltrúar hagsmunasamtaka eru ráðgefandi aðilar í ferlinu.

Uppbygging búsetuúrræða fyrir fatlað fólk

Markviss undirbúningur að uppbyggingu búsetuúrræða fyrir fatlað fólk stóð yfir á árinu og var í því sambandi kynnt tillaga um uppbyggingu á 28 rýmum í búsetu fyrir fatlað fólk. Nánari útfærsla tillögunnar hefur verið í fullri vinnslu og er áætlað að hefja framkvæmdir á fyrri hluta árs 2014.

Samstarfsteymi um málefni innflytjenda, flóttamanna og hælisleitenda

Ritað var undir samkomulag Velferðarsviðs, Skóla- og frístundasviðs og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar um stofnun samstarfsteymis um málefni innflytjenda, flóttamanna og hælisleitenda í Reykjavík. Markmið teymisins er að færa þekkingu á málefnum innflytjenda í meira mæli til starfsmanna Reykjavíkurborgar sem þjónusta umrædda hópa með það að markmiði að styrkja og þjálfar starfsmenn til að þjónusta fjölbreyttan hóp innflytjenda með sem bestum hætti.

Samstarfssamningur við Háskóla Íslands

Ritað var undir samstarfssamning við Háskóla Íslands um kennslu og rannsóknir á sviði velferðarmála. Tilgangurinn er að efla samstarf Félagsráðgjafadeildar Háskóla Íslands og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um kennslu og rannsóknir á sviði velferðarmála, stuðla að þróun og nýsköpun í velferðarþjónustu og afla frekari þekkingar á viðhorfum og þörfum þeirra sem njóta þjónustu Velferðarsviðs. Með öflugu samstarfi þessara aðila er unnt að nýta sem best sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og aðstöðu sem samningsaðilar búa yfir.

Aðgerðaráætlun í fjárhagsaðstoð

Starfshópur á vegum Velferðarsviðs, fjármálaskrifstofu og atvinnumáladeildar um sérstaka aðgerðaráætlun í fjárhagsaðstoð var starfandi á síðari hluta ársins. Markmið aðgerðaráætlunnar er að aðstoða fólk enn frekar sem treystir á fjárhagsaðstoð sér til framfærslu með því að bjóða því tímabundin störf, virkni eða önnur úrræði og auka þar með lífsgæði fólks um leið og spornað er við auknum útgjöldum til fjárhagsaðstoðar. Aðgerðir sem starfshópurinn setti fram koma til framkvæmda á árinu 2014.

Úrræði fyrir utangarðsmenn

Á árinu var tekin ákvörðun um flutning og nýjan stað fyrir gistiskýli heimilislausra karla. Undirbúningur að flutningi var hafinn. Samhliða voru tekin í notkun viðbótarými til bráðabirgða þar til nýtt gistiskýli verður tilbúið.

Flutningur þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða

Tekin var ákvörðun um nýtt og stærra húsnæði fyrir þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða en núverandi húsnæði þjónustumiðstöðvarinnar hentaði ekki lengur starfseminni. Undirbúningur flutnings átti sér stað á seinni hluta árs og mun þjónustumiðstöðin flytja í byrjun árs 2014.

Ferðapjónusta fatlaðs fólks

Á árinu var lögð mikil vinna í undirbúning á sameiginlegu útboði í ferðapjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu en útboð mun fara fram árið 2014. Markmið útboðsins er að bæta þjónustuna m.a. með auknum sveigjanleika.

Sameiginleg bakvakt í barnaverndarmálum

Á árinu var tekin ákvörðun um samstarf Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness um sameiginlegt þjónustuvæði vegna bakvakta barnaverndar. Tilraunaverkefnið mun standa út árið 2014 en úttekt á verkefninu mun fara fram síðar á árinu 2014.

Nýtt skipurit Velferðarsviðs

Á árinu var samþykkt nýtt skipurit Velferðarsviðs en skipurit sviðsins hafði ekki þróast í takt við þær breytingar sem hafa orðið á umfangi og starfsemi sviðsins síðustu ár. Markmið skipulagsbreytinganna er að auka jafnræði á milli málaflokka sem sviðið ber nú ábyrgð á, skýra verkaskiptingu og ábyrgð og bæta yfirsýn, auka skilvirkni, bæta nýtingu fjármuna og leggja aukna áherslu á notendasamráð um þróun þjónustu.

Nýmæli í hverfum

Stuðningur við sjálfstæða búsetu

Í samræmi við reglur um stuðningsþjónustu hefur markvisst verið unnið að því á árinu á þjónustuvæði Laugardals og Háaleitis að tengja umbeðna stuðningsþjónustu við starfsemi búsetukjarna/heimilis þegar það á við, s.s. þegar þörf er fyrir ákveðna sérþekkingu við veitingu þjónustunnar, og þar sem nálægð við þjónustuveitanda skiptir miklu.

Hegðunarráðgjafi

Á árinu lauk fyrsta starfsári sérstaks hegðunarráðgjafa hjá Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness. Starf hegðunarráðgjafa felst í að veita faglega ráðgjöf og stuðning við foreldra, leikskólastjóra og aðra starfsmenn leikskóla vegna barna sem þurfa sérfræðiaðstoð vegna hegðunarvandkvæða. Hegðunarráðgjafi vinnur í mikilli samvinnu með öðrum fagaðilum stofnunarinnar.

Talmeinafræðingar

Ráðnir voru talmeinaráðgjafar hjá Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness og Þjónustumiðstöð Breiðholts. Þeir starfa í öllum grunnskólum og öllum leikskólum í Grafarvogi og öllum leikskólum í Breiðholti. Um er að ræða samstarfsverkefni með Skóla- og frístundasviði. Vinna þeirra felst í því að greina tal- og málvanda barna eftir að tilvísanir hafa borist frá leik- eða grunnskólum eða til starfsmanna þjónustumiðstöðva.

Rannsóknir, úttektir og verkefni

Rannsókn á afdrifum og viðhorfum ungmenna sem fengið hafa þjónustu Atvinnutorga

Rannsóknir hafa sýnt að afleiðingar langvarandi vanvirkni og atvinnuleysis geta verið alvarlegar, ekki síst fyrir ungt fólk en atvinnuleysi síðustu ára hefur verið hvað mest meðal ungs fólks á aldrinum 16 til 25 ára.

Árið 2012 ákváðu velferðarráðuneytið, Vinnuálastofnun, Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær og Reykjanesbær að taka höndum saman og bjóða upp á nýtt úrræði, Atvinnutorg. Helsta hlutverk Atvinnutorga er að auka virkni ungra atvinnuleitenda á aldrinum 16 til 25 ára. Markmið rannsóknarinnar var tvíþætt. Annars vegar að bera saman verklag Atvinnutorga í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum. Hins vegar að kanna afdrif þeirra ungmenna sem nýttu sér úrræðið Atvinnutorg árið 2012 og fá viðhorf þeirra til þjónustunnar. Ekki hefur áður verið gerð sambærileg rannsókn á Atvinnutorgum.

Þátttakendur í fyrri hluta rannsóknarinnar voru sex ráðgjafar á Atvinnutorgi í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi og á Suðurnesjum. Í seinni hlutanum voru þátttakendur 228 ungmenni á skrá Atvinnutorga og samsvarar það 48% svarhlutfalli, alls tóku 152 karlar (67%) og 76 (33%) konur þátt sem er í samræmi við kynjaskiptingu notenda á Atvinnutorgum.

Niðurstöður viðtala við ráðgjafa leiddu í ljós að unnið er eftir skráðum verklagsreglum á öllum torgum en verklag er þó nokkuð ólíkt milli torga. Notendum er vísað inn á Atvinnutorg frá félagsþjónustu sveitarfélaganna og Vinnumálastofnun. Einnig geta notendur komið inn á Atvinnutorg í Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum af sjálfsdáðum eða verið vísað þangað af skóla eða forráðamönnum. Öll torgin bjóða upp á vinnustaðanám og starfsþjálfun en útfærslan á slíkum vinnutengdum úrræðum er ólík milli torga og misjafnt hversu fjölbreytt störf torgin geta boðið notendum sínum upp á. Öll Atvinnutorgin bjóða upp á námskeið fyrir notendur en markmið þeirra eru ólík milli torga. Fjölbreyttustu námskeiðsúrræðin eru í boði hjá Atvinnutorgi í Reykjavík og á Suðurnesjum. Jafnvel þó að á öllum Atvinnutorgunum sé lögð áhersla á einstaklingsmiðaða þjónustu er útfærsla þjónustunnar nokkuð breytileg eftir torgum. Einnig eru þær kröfur sem gerðar eru til ráðgjafa nokkuð misskýrar eftir starfsstöðvum og Atvinnutorg í Reykjavík er eina torgið þar sem kröfúlýsing hefur verið gerð fyrir þjónustuna.

Niðurstöður sem snéru að notendum Atvinnutorga sýndu að mætingarskylda notenda er 100% á öllum torgum en þó er mismunandi milli torga hversu oft notandinn þarf að mæta í viðtöl og á námskeið á vegum Atvinnutorga. Á öllum Atvinnutorgum getur slæm mæting, án veigamikilla ástæðna, leitt til lækkunar grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar. Aðstæður eru ólíkar milli Atvinnutorga. Á Atvinnutorgi í Reykjavík og á Suðurnesjum er boðið uppá tölvuaðstöðu fyrir notendur þar sem þeir hafa kost á því að sækja um störf undir handleiðslu ráðgjafa en slík aðstaða er ekki til staðar á Atvinnutorgi í Hafnarfirði og Kópavogi.

Viðmælendur virðast allir vera sammála um að Atvinnutorg sem úrræði fyrir atvinnulaus ungmenni sé að virka og að það sé þarft verkefni. Hins vegar benda viðmælendur í Reykjavík og á Suðurnesjum á að skortur sé á vinnutengdum úrræðum fyrir notendur á aldrinum 16 til 17 ára þar sem þeir hafa hvorki atvinnuleysisbótarétt hjá Vinnumálastofnun né rétt til fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögum og því sé ekki hægt að borga með þeim styrk í vinnutengd úrræði eins og gert er með þeim eldri.

Um 74% þátttakenda voru almennt ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu á Atvinnutorgum og um 86% ánægðir með ráðgjafann sinn. Yfir 90% þátttakenda myndu mæla með Atvinnutorgi við vini sína ef þeir væru í atvinnuleit.

Stór hluti þátttakenda á Atvinnutorgunum fjórum fer í kjölfar þátttöku út á vinnumarkað eða í nám. Verklag torganna er nokkuð ólíkt og ástæða til að kanna samræmingu verkferla þar á milli. Þegar á heildina er litið gefa niðurstöður til kynna ánægju ráðgjafa Atvinnutorga og notenda með verkefnið sem úrræði fyrir atvinnulaus ungmenni á aldrinum 16 til 25 ára. Því mætti ætla að Atvinnutorg sé þarft úrræði fyrir þennan aldurshóp þar sem komið er til móts við einstaklinginn á hans forsendum og honum veitt hvatning og hjálp við að komast í virkni.

Úttekt á þjónustupörf aldraðra í þjónustuíbúðum

Metnar voru aðstæður íbúa í einum þjónustuíbúðakjarna fyrir aldraða við þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis með hliðsjón af RAI-HC mælitækini. Mælitækið ásamt meðfylgjandi handbók og leiðbeiningum býður upp á staðlað mat á heilsufari,

færni, sálfélagslegum þörfum og styrkleikum þeirra sem búa sjálfstætt og njóta heimaþjónustu.

Niðurstöðurnar hafa leitt til ýmissa úrbóta í þjónustu og er meðal annars tekið mið af þeim í starfsáætlun þjónustuíbúðakjarnans og fræðslu til starfsmanna. Áætlað er að á árinu 2014 muni aðstæður íbúa í fleiri þjónustuíbúðakjörnum vera metnar með hliðsjón af RAI-HC mælitækni.

Skimun á fjölda og stöðu nemenda af erlendum uppruna á þjónustusvæði Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis

Þar sem engar áreiðanlegar tölur lágu fyrir um fjölda barna af erlendum uppruna í grunnskólum á þjónustusvæði Laugardals og Háaleitis var í ágúst ákveðið að hefja skimun á fjölda og stöðu þeirra barna í grunnskólum hverfanna sem tala annað tungumál en íslensku heima fyrir. Markmiðið með skimuninni var að gefa faglega vísbendingu um stöðu þessara nemenda byggða á því sem þegar var vitað. Niðurstöður nýtast síðan fagfólki skólanna í áframhaldandi vinnu þeirra með nemendum. Auk þess var skimuninni ætlað að veita þjónustumiðstöðinni og skólunum heildaryfirsýn, m.a. yfir heildarfjölda nemenda, hvaðan þeir koma og dreifingu þeirra eftir árgöngum. Jafnframt skyldu niðurstöður nýttar til að kortleggja þörf þessara nemenda fyrir stuðning.

Af samtals 3199 nemendum eru 370 af erlendum uppruna eða 11.6% nemenda grunnskólanna í hverfinu. Í einstaka skólum er fjöldinn verulegur eða allt að 1/5 eins og í Háaleitisskóla. Alls er uppruni þessara 370 nemenda rakinn til 64 þjóðlanda. Við mat á námslegri stöðu kom fram að um einn þriðji nemenda stendur illa að vígi. Ljóst er að íslenskukunnáttu er víða mjög áfátt og verður það þeim oft fjötur um fót þegar kemur í efri bekk grunnskóla. Niðurstöður sýndu hins vegar tiltölulega jákvæða mynd af félagslegri stöðu nemenda. Þó kemur fram að stór hluti nemenda af erlendum uppruna eða um 36% sækir ekki frístundina. Mikilvæg og nauðsynleg viðvera þessara barna í íslensku málumhverfi er því ekki nýtt sem skyldi. Viðhorf meirihluta foreldra er að þau eigi góð samskipti við skólana, þó er ljóst að nokkur hópur foreldra á í erfiðleikum með uppbyggileg samskipti við skólana.

Í yfirliti yfir dreifingu nemenda eftir árgöngum kemur fram að í yngsta aldurshópi er nær sjötti hver nemandi af erlendum uppruna. Dreifingin er enn ein vísbending um að það sé varanleg staða í reykvísku skólastarfi að þar séu nemendur sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli. Það er því augljóst að marka verður metnaðarfulla og árangursmiðaða stefnu um að tryggja þessum nemendum jafnræði og jafnrétti í samfélaginu.

Hagir eldri borgara

Á árinu voru kynntar niðurstöður rannsóknar á högum eldri borgara í Reykjavík. Er þetta í þriðja sinn sem þessi könnun er gerð fyrir Reykjavíkurborg en sú fyrsta var gerð árið 1999. Könnunin náði til landsmanna á aldrinum 67 – 87 ára og voru svör eldri borgara í Reykjavík borin saman við svör eldri borgara á öðrum stöðum á landinu. Mikilvægt er að framkvæma könnun sem þessa til hægt verði að halda áfram að þróa þjónustu til eldri borgara í takt við þeirra þarfir. Einnig er mikilvægt að kanna hagi þessa hóps með reglulegu millibili.

Policy Making and Chief Innovations 2013

The services provided by the Welfare Department are in constant development and the needs of the city residents for welfare services are being closely monitored. Consequently, there is work on policy making and operational innovations in the Department each year.

A senior citizens policy

During the year, a senior citizens policy to the year 2017 was agreed on, with an emphasis on active prevention, and that older people should be active participants in society as long as possible, but that they get appropriate help and support when the time comes that they need it. There is also emphasis on making Reykjavík an age-friendly city in the coming years, i.e. a city which takes the needs of senior citizens into account. The policy was developed in close cooperation with the senior citizens' interest group and experts in old age care. This policy describes the future vision of the city of Reykjavík in the matters of older people and how the needs of the ever-growing numbers of senior citizens can best be met. It is important that services are established in such a way that the staff makes an effort to activate the initiative of individuals and elicit the wishes of those who use the services. In the long run, it is suggested that what service people get should not be based on their age, illness, disability or other factors, but that service and support should be based on individual needs.

Policy concerning homeless people

During the year, a new policy concerning homeless people was agreed upon, taking effect in 2014. The policy was created as a result of extensive consultation with people involved in providing services to homeless people. The main emphases of the policy are on prevention and that the current situation needs to be dealt with by evolving the services and increasing cooperation. In addition, that thought must be given to improved housing for this target group as well as establishing a more focused cooperation between the state and the municipalities in the capital region, in this matter.

Prevention policy

The city of Reykjavík's prevention policy was revised during the year with the aim of safeguarding the good prevention work that has been done in recent years and developing effective methods and ways in matters of prevention still further. A new policy will take effect in 2014.

Self-Directed Personal Assistance Services (SDPAS)

In the plan of action in matters concerning disabled people 2012-2014 which was agreed upon in Parliament 2012, there was a stipulation that self-directed personal assistance services (SDPAS) would be among the kinds of services provided, in accordance with ideas of independent living. The city of Reykjavík participates in an experimental project focused on self-directed personal assistance services (SDPAS). The experimental project makes it possible to obtain experience and knowledge to make self-directed personal assistance an option in providing service to disabled people, in the future.

In the experimental project concerning SDPAS the participants themselves have total control over the service. Their experience and knowledge are, therefore, particularly important for further modification and development of this kind of service.

To accompany the experimental project, a consultation group was formed, the aim of which is to augment user consultation during the experimental project, introduce and implement methods of user consultation, chart the experience of user consultation that is gained from the experimental project, take care of follow-up, and put forth propositions concerning continued development of user consultation. Representatives of interest groups are consulting parties in the process.

Development of housing for disabled people

During the year there was focused preparation for the development of housing solutions for disabled people and, correspondingly, a proposal for the development of 28 units of housing for disabled people was introduced. There has been continual work on further development of the proposal and construction is scheduled to start in the first half of the year 2014.

Formation of a collaborative team on the issues of immigrants, refugees and asylum seekers.

An agreement was signed between the Welfare Department, the Department of Education and Youth, and the Reykjavík Human Rights Office on the formation of a collaborative team on the issues of immigrants, refugees and asylum seekers in Reykjavík. The objective of the team is to bring knowledge of immigrant-related matters to those employees of the city of Reykjavík, who work with them, with the aim of supporting and training the employees to provide service to a varied group of immigrants in the best possible way.

A contract of cooperation with the University of Iceland

A contract of cooperation with the University of Iceland was signed, concerning teaching and research in the field of social welfare. The purpose is to enhance cooperation between the Faculty of Social Work of the University of Iceland and the Welfare Department of Reykjavík in regard to teaching and research in the field of social welfare, promote development and innovation in welfare services and gain increased knowledge of the attitude and needs of those who use the services of the Welfare Department. Through the energetic cooperation of those involved, it should be possible to make the best use of the specialized knowledge, skill, resources and facilities that the parties of the contract possess.

An action plan concerning financial support

A working group on behalf of the Welfare Department, the Office of Finance and the Employment Division on the issue of a special action plan concerning financial support came into effect in the latter part of the year. The aim of the action plan is to give further assistance to people who rely on financial support for their needs by offering them temporary employment, vocational activity or other solutions, thereby raising their quality of life, while at the same time counteracting increased spending on financial support. The measures suggested by the working group will be put into effect in the year 2014.

Solutions for homeless people

A decision was made during the year to move the shelter for homeless men to a new location. Preparation for the move began. At the same time, new beds/units were added as a temporary solution until the new shelter is ready.

The Miðborg and Hlíðar service centre moves

It was decided to relocate the Miðborg and Hlíðar service centre to new and larger premises as the current housing was no longer adequate for the operations of the service centre. Preparation for the move took place in the latter part of the year and the service centre will relocate at the beginning of the year 2014.

Community transport services

During the year, a lot of effort was put into the preparation of an invitation to submit tenders for community transport services for people with disabilities, as a cooperation project of the various municipalities in the capital region. The aim is to improve the service with increased flexibility, among other things.

Cooperation on standby shift in child protection matters

A decision was made during the year about cooperation between the municipalities of Reykjavík, Mosfellsbær and Seltjarnarnes on a joint service area for standby shifts of the child protection agencies. This experimental project will last throughout the year 2014; with evaluation of the project taking place late in the year 2014.

A new organizational chart of the Welfare Department

During the year, a new organizational chart of the Welfare Department was approved as the organizational chart had not evolved in line with the changes that have taken place in the scope and operations of the department in the last few years. The objective of the organizational changes is to increase equality between the different issues that the department is now responsible for, define the division of labour and responsibilities, enable better overview, enhance efficiency, improve the use of assets and place increased emphasis on user consensus concerning development of the service.

Innovations in various city districts

Support to independent living

In accordance with rules about support services there has been focused work in the Laugardalur and Háaleiti service area, during the year, on connecting the support services being requested with the operation of supportive housing in the district, when applicable, for instance when there is a need for certain specialized knowledge in giving the service and when proximity to those who give the service is of considerable importance.

A behaviour adviser

A behaviour adviser has been working at the Gafarvogur and Kjalarnes service centre for over a year. The job of a behaviour adviser is to offer professional advice and support

to parents, nursery school principals and other nursery school staff members regarding children who need specialist support on account of behaviour problems. The behaviour adviser works in close cooperation with other professional staff members of the institution.

Speech therapists

Speech therapists were hired at the Gafarvogur and Kjalarnes service centre and the Breiðholt service centre. They work in all primary schools and nursery schools in Gafarvogur and all nursery schools in Breiðholt. This is a cooperative project with the Department of Education and Youth. Their work consists in diagnosing speech and language problems in children that have been referred to them by nursery schools or primary schools or through the staff of the service centres.

Research, reviews and projects

A study of the employment outcomes and attitudes of young people using the services of the Job Centres

Research has shown that the consequences of prolonged inactivity and unemployment can be serious, not least for young people; furthermore unemployment during the last years has been about the highest among young people, 16-25 years old.

In the year 2012, the Ministry of Welfare, the Directorate of Labour, and the municipalities of Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, and Reykjanesbær decided to join forces and offer a new service, the Job Centre. The main function of Job Centres is to increase vocational activity among young unemployed people, ages 16 to 25. The study had two main goals. On the one hand to compare work procedures of the Job Centres in Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, and Reykjanesbær and on the other hand to investigate the employment outcomes of the young people who used the services of the Job Centres in 2012, and assess their attitude to the service. There has not been a similar study of Job Centres before.

The participants in the first part of the study were six job advisers in the Job Centres of Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, and Reykjanesbær. In the second part, the participants were 228 youths registered at the Job Centres, which equals a response rate of 48%. A total of 152 men participated (67%) and 76 women (33%), which is consistent with the gender distribution of the users of the Job Centres.

The interviews with the advisers brought to light that work is carried out according to written rules of procedure in all the Job Centres, yet the procedures are somewhat different in different Centres. Users are referred to the Job Centres by the municipal social services and the Directorate of Labour. In Kópavogur, Hafnarfjörður and Reykjanesbær, users can also come to the Job Centres of their own accord or be referred there by a school or by their legal guardians. All the Job Centres offer workplace learning and work training but such work-related opportunities are offered in different ways in respective Job Centres and it varies how many different kinds of jobs the Centres can offer their users. All the Job Centres offer courses to their users

but the aims of the courses differ between Centres. The Job Centres in Reykjavík and Reykjanesbær offer the most varied kinds of courses. Even though all the Job Centres offer services tailored to individual needs, the implementation of the services can be somewhat different in each Centre. In addition, the job requirements of the advisers differ in clarity depending on the Centres and the Reykjavík Job Centre is the only Centre with a detailed job description for the service.

Results concerning the users of the Job Centres show that 100% attendance is required of the users in all the Centres, though it differs between Centres how often users are required to come to interviews and to attend courses given by the Centre. In all the Job Centres, poor attendance without valid reasons can lead to a cut in the basic amount of financial support. The facilities are different in each Centre. In the Reykjavík and Reykjanesbær Job Centres the users are offered computer facilities where it is possible for them to apply for jobs under the supervision of an adviser, but such facilities are not offered in the Job Centres in Hafnarfjörður and Kópavogur.

